

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/910
komudagur 18.1.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík.

B.t. Efnahags- og skattanefndar

Reykjavík, 18. janúar 2012

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með slóðari breytingum.

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu hafa ekki fengið umrætt frumvarp sent til umsagnar, þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir því að þær lagabreytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir eigi að taka gildi þann 1. febrúar n.k. Í því sambandi er nauðsynlegt að nefna að SVÞ hefur innan sinna vébanda stærstan hluta þeirra fyrirtækja sem starfa á sviði flutningaþjónustu hér á landi.

Samtökin lýsa undrun sinni yfir því verklagi fjármálaráðuneytisins, sem vann frumvarpið í samstarfi við tollstjóra, að ekki hafi verið haft samráð við hagsmunaaðila við samningu þess. Í athugasemdum með frumvarpinu er borið við tímaskorti og fjölda þeirra sem hagsmuna hafa að gæta í þessu máli. Það getur ekki talist boðleg skýring að of mikill fjöldi hagsmunaaðila réttlæti samráðsleysi, einkum og sér í lagi þegar haft er í huga hversu ríkir hagsmunir eru í húfi eins og gerð verður grein fyrir hér á eftir.


Þær efnislegu athugasemdir sem samtökin hafa við frumvarpið lúta að brottfalli á 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Það er samdóma álit fyrir þeirra fyrirtækja sem starfa á flutningamarkaði og annast móttöku hraðsendinga að niðurfelling heimilda til afhendingar hraðsendinga áður en tollskjöl eru látin tollstjóra í té, muni óhjákvæmilega hafa í för með sér verulega seinkun á afhendingu slíkra sendinga. Mat fyrirtækjanna er að afhendingartíma muni að jafnaði seinka um 24 til 48 klukkutíma. Þá benda þau á að sendingar sem berast seinni part föstudags, og hingað til hefur verið unnt að afhenda fyrir lok þess dags, muni óhjákvæmilega stöðvast í tolli fram yfir helgina. Ekki verður séð á hvern hátt tollstjóri getur tryggt að breytingin hafi ekki áhrif á afhendingartíma hraðsendinga, enda er það ekki skilgreint í athugasemdum með frumvarpinu með hvaða hætti það á að gerast.

Stærstur hluti hraðsendinga kemur til fyrirtækja. Að uppstöðu til eru það lyf og varahlutir sem mest eru flutt til landsins með þessum hætti. Að því er lyfin varðar eru þau send með hraðsendingum þegar skortur er á því lyfi í landinu og nauðsyn, oft lífsnauðsyn, að fá þau til landsins með hraði. Hagsmunir sjúklinga og heilbrigðiskerfisins eru því miklir fyrir því að ekki verði tafir á afhendingu lyfja sem koma til landsins með þessum hætti. Varahlutir eru mikið fluttir til landsins með hraðsendingum og að mestu leyti er þar um að ræða varahluti í atvinnutæki, t.d. vélar og fólksflutningabíla. Það varðar fyrirtæki, t.d. í verktakaíðnaði og ferðaþjónustu miklu að geta treyst því að slíkir hlutir berist til þeirra hratt og örugglega.

Ekki verður betur séð en að þessi breyting, ef lögfest verður, muni kippa stoðunum undan rekstri hraðsendingarfyrirtækja. Starfsemi þessara fyrirtækja byggist á því að geta veitt viðskiptamönnum sínum hraða og örugga þjónustu. Sú breyting sem hér er lögð til mun óhjákvæmilega breyta eðli þeirrar starfsemi í grundvallaratriðum.

Af því sem hér hefur verið rakið sést að hér eru miklir hagsmunir í húfi. Samtök verslunar og þjónustu leggja eindregið gegn því að 2. mgr 22. gr gildandi tollalaga verið felld brott. Jafnframt telja samtökin mikilvægt að fá tækifæri til að koma á fund nefndarinnar til þess að gera nánar grein fyrir sjónarmiðum sínum til málsins.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP – Samtök verslunar og þjónustu



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVP.